



Stjórnarfundur 8 þriðjudaginn 3. október 2017 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.

Mætt; Jason Ívarsson, formaður, , Árni Jón Eggertsson, Andri Hnikarr Jónsson, Steinn Einarsson, Svandís Þorsteinsdóttir og Sigurbjörn Árni í síma.

Afboð og mættu ekki: Kristín Hálfðánardóttir, Stefán Jóhannesson

Dagskrá

- Íslandsmótið
- Fjármál
- NEVZA
- Afreksstefna BLÍ
- Önnur mál

Fundargerð

Íslandsmótið

- Íslandsmótið fer vel af stað, engir hnökur á umsjón leikjanna eða aðrir vankanta.

Fjármál

- Ákveðið hefur verið að ráða aðila til þess að afla auglýsinga í sambandi við útsendingar SportTv á blakleikjum í vetur.
- Dagskrá leikja í SportTv mun liggja fyrir á næstu dögum.

NEVZA

- Formaður skýrði frá erfiðleikum Englendinga að halda U 17 vegna bágs fjárhags. Sá möguleiki var ræddur að halda mót á Íslandi

Afreksstefna BLÍ

- Rætt var um fræðslustarf og hvað BLÍ þarf að gera til þess að falla inn í ramma ÍSÍ vegna úthlutunar úr afrekssjóði ÍSÍ.

Önnur mál

- Tekið var jákvætt út í það að halda námskeið á Húsavík í samvinnu við Íþróttasamband Fatlaðra. Námskeiðið fjallar um þjálfun blaks og samvinnu í þjálfun fatlaðra og ófatlaðra einstaklinga í blaki. Vladimir Grbic er hugsaður sem sérfræðingur sem heimsækir Húsavík.
- Hugsanleg tímasetning fyrir næsta ársþing BLÍ er 15. mars 2018.
- Rætt var um beiðni ÍBR um flutning á bikarúrslitaleikjunum frá Höllinni í Digranes.
- Nýendurvakin blakdeild Fram fékk nokkra blakbolta frá BLÍ til starfsins.
- UMFA hefur gert leikmannasamninga við alla leikmenn félagsins.
- Hnikarri falið að fara fyrir hópi um endurskoðun á keppnisfyrirkomulagi Íslandsmótsins og koma fram með tillögur tímanlega fyrir næsta ársþing.

Fleira var ekki rætt á fundinum.

Fundi slitið kl. 18.15

Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð